

GJALDSKRÁ

fyrir Brunavarnir Suðurnesja.

Inngangur.

Lög um brunavarnir nr. 75 frá 23. maí 2000, kveða m.a. á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórnna á starfsemi slökkviliða sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun.

Brunavarnir Suðurnesja (BS) starfa samkvæmt lögum þessum og eru skipuð bæði atvinnu- og hlutastarfandi slökkviliðsmönnum. BS fara með brunavarnir í Garði, Reykjanesbæ og Vogum og eru reknar af þessum þremur sveitarfélögum: Reykjanesbæ með um 85% eignaraðild, Sveitarfélaginu Garði með um 10% og Sveitarfélaginu Vogum með um 5%. Eignaraðild og kostnaðarskipting tekur mið af fjölda íbúa í hverju sveitafélagi. Viðkomandi bæjarstjórnir skipa fimm manna stjórn, sem fer með fjárhagslega ábyrgð. Slökkviliðsstjóri BS er framkvæmdastjóri stjórnar. Starfsmannafjöldi BS er 35, þar af 22 í fastaliði og 13 hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Þjónustusvæði BS er öll Suðurnes utan Sandgerðis og Grindavíkur þ.e. frá Hvassahrauni, nánar tiltekið sunnan Virkishóla við álver Alcan í Straumsvík, um öll Suðurnes að Reykjanestá utan Grindavíkur, um Seltjörn og Sandgerðis um Ósabatna. BS eru með samning við heilbrigðisráðuneytið um rekstur sjúkraflutninga.

1. gr.

Verkefni BS eru því margvísleg og ákvarðast annars vegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hins vegar af ákvæðum í samning um BS. Af öðrum verkefnum skal BS taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal BS taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 8.219 kr. og tekur mið af fjárhagsáætlunum BS.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem BS eru sett í stofnskrá. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

BS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi.

Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarna-verkefna á vegum BS.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum BS, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin skal uppfærð í síðasta lagi í desember ár hvert og taka breytingarnar gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Gjaldskráin miðast við fjárhagsáætlun BS hverju sinni.

F.h. stjórnar Brunavarna Suðurnesja, 6. mars 2008,

Sigurvin Guðfinnsson formaður.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2008